

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 40, 20. janúar 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Stokkseyrar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### 1. Lýsing o. fl.

- |                                                                           |     |                 |
|---------------------------------------------------------------------------|-----|-----------------|
| 1.1 Til almennrar lýsingar:                                               |     |                 |
| Orkugjald .....                                                           | kr. | 4,75 kWh        |
| 1.2 Til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð:    |     |                 |
| Orkugjald .....                                                           | kr. | 5,91 kWh        |
| 1.3 Til úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afl:                      |     |                 |
| Aflgjald .....                                                            | kr. | 6 352,00 kW/ár  |
| Viðhaldsgjald .....                                                       | kr. | 7 006,00 kW/ár  |
| Gjald alls .....                                                          | kr. | 13 358,00 kW/ár |
| Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofn-<br>kostnað að fullu. |     |                 |

#### 2. Heimili o. fl.

- |                                                                                                            |     |          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|----------|
| 2.1 Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum: |     |          |
| Orkugjald .....                                                                                            | kr. | 3,81 kWh |
| 2.2 Til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum:                                                            |     |          |
| Orkugjald .....                                                                                            | kr. | 2,38 kWh |

#### 3. Vélar o. fl.

- |                                                                                                                                                                                                          |     |                   |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|-------------------|
| 3.1 Til véla og annarrar notkunar fyrirtækja eða stofnana, enda sé lágmarksafl 20 kW. Gjaldskyld afl er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en álestur fari fram mánaðarlega og með sem jöfnustu millibili: |     |                   |
| Orkugjald .....                                                                                                                                                                                          | kr. | 1,40 kWh          |
| Aflgjald .....                                                                                                                                                                                           | kr. | 5 150,00 kW á ári |

**4. Hitun.**

|                                                                                                                            |     |          |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----|----------|
| 4.1 Til húshitunar, roftími 1 klst. á dag.<br>Orkugjald .....                                                              | kr. | 2,74 kWh |
| 4.2 Til húshitunar, roftími 2 × 1½ klst. á dag.<br>Orkugjald .....                                                         | kr. | 0,94 kWh |
| 4.3 Til hitunar í iðnaði, roftími 1 klst. á dag.<br>Orkugjald .....                                                        | kr. | 3,53 kWh |
| 4.4 Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum og til annarra<br>hliðstæðra nota, roftími 15 klst. að degi til.<br>Orkugjald ..... | kr. | 0,89 kWh |
| 4.5 Tvígjaldsmæling fyrir hitun í iðnaði og til annarra<br>hliðstæðra nota.<br>Orkugjald næturtaxti 9 stundir .....        | kr. | 1,16 kWh |
| Orkugjald dagtaxti 15 stundir .....                                                                                        | kr. | 6,41 kWh |

Um framangreinda gjaldskrárlíði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
- Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiði leigu af þeim samkvæmt gjaldskrá.
- Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

**II. FASTAGJALD**

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

|                                            |     |          |
|--------------------------------------------|-----|----------|
| Orkumælir, einfasa .....                   | kr. | 1 676,00 |
| Orkumælir, þrífasa .....                   | kr. | 3 688,00 |
| Orkumælir, þrífasa með straumspennum ..... | kr. | 4 126,00 |
| Orkumælir fyrir sumarhús .....             | kr. | 5 961,00 |
| Aflmælir .....                             | kr. | 3 940,00 |
| Aflmælir með straumspennum .....           | kr. | 4 377,00 |
| Tvígjaldsmælir .....                       | kr. | 4 464,00 |
| Klukkan .....                              | kr. | 389,00   |

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur<br>(A) | Stofngjald<br>(kr.) | Gjald af yfirlengd   |                       |
|--------------------|---------------------|----------------------|-----------------------|
|                    |                     | Jarðstrengur<br>kr/m | Loftlína<br>kr/stólpa |
| 1 × 63             | 27 500,00           | 898,00               | 7 360,00              |
| 3 × 63             | 29 900,00           | 898,00               | 12 650,00             |
| 3 × 100            | 47 400,00           | 1 380,00             | 16 100,00             |
| 3 × 200            | 93 700,00           | 2 275,00             |                       |
| 3 × 315            | 148 500,00          | 2 650,00             |                       |
| 3 × 400            | 190 300,00          | Samkv. kostn.        |                       |
| 3 × 710            | 337 700,00          | —                    |                       |
| 3 × 1200           | 567 600,00          | —                    |                       |

Yfirlengdargjald miðast við jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spennu eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnaði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnaðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Heimtaugargjald fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

#### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 454,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra, við tiltekna tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 330,00.

Söluskattur 25% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3., viðhaldsgjald, og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. mars 1986, með vísan til tilkynningar ráðuneytisins nr. 106, 1. mars 1986, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 46, 27. janúar 1986.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. mars 1986.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*